



Varmárskóli 2015

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Afburðanemendur í Varmárskóla

Verkefnastjóri:

Ásta Benediktsdóttir

UMS-93 2014 -2015

Efnisyfirlit

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn.....	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	4
Frávik frá áætlun.....	5
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið.....	6
Niðurstöður verkefnis og mat á því	6
Kynningu á afrakstri verkefnis.....	8

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að gera einstaklingsáætlanir í stærðfræði og íslensku sem komi til móts við afburðanemendur í 8. bekk. Verkefnið mun í framhaldinu einnig ná til yngri og eldri nemenda svo og annarra námsgreina. Þannig verði til úrlausnir og verkefnabanki við hæfi fyrir afburðanemendur meðan þeir stunda nám í Varmárskóla. Með þessu er afburðanemendum gefið færi á að hefja nám í framhaldsskólaáföngum, samhliða grunnskólanámi, í fjarnámi eða staðnámi. Í framhaldinu gætu nemendur útskrifast fyrr úr grunnskóla og hafið nám í framhaldsskóla.

Einnig að nemendur dýpki þekkingu sína á afmörkuðu viðfangsefni meira en meginþorri nemenda. Slík verkefni gera þá hæfari til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Lögð verður áhersla á stuðning náms- og starfsráðgjafa skólans við þessa nemendur þar sem leitast verður við að koma til móts við námsþarfir þeirra og áhugasvið. Einstaklingsáætlanir verða unnar í samráði við nemandann, foreldra, náms- og starfsráðgjafa og faggreinakennara í viðkomandi grein.

Vís leið til að flýta námi í grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum er t.d. að taka námsefni tveggja árganga samtímis. Einnig er mögulegt að flýta fyrir námi í framhaldsskóla með því að taka samræmd lokapróf í vissum greinum í grunnskóla og nýta tímann sem skapast til að taka einingar á framhaldsskólastigi samhliða grunnskólanámi. Sérstök áætlun í íslensku og stærðfræði fyrir afburðanemendur í 7. til 10. bekk, sem miðar að því að veita sveigjanlegt verkefnaval og dýpkun námsefnis, mun veita slíkum nemendum í unglingadeild Varmárskóla tækifæri til þess að flýta sér í námi.

Í öllum skólakerfum fyrirfinnast tvenns konar jaðarhópar með tilliti til námsgetu og námsárangurs. Hópur sem telst eiga við námserfiðleika að stríða og nær því jafnan ekki að uppfylla almenn markmið skólakerfisins og svo hinn sem skarar fram úr í námi og kallar á meira krefjandi nám en almenn markmið náms gera ráð fyrir.

Nemendur sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða geta tilheyrt báðum þessum hópum. Mun lengri hefð er fyrir úrræðum og þjónustu til handa fyrrnefnda jaðarhópnum en þeim síðarnefnda

og má því orða það svo að kerfið hafi haft tilhneigingu til að toga báða hópana inn að miðju og bjóða þeim sömu eða svipuð viðfangsefni og meðalnemandanum.

Með tilkomu einstaklingsnámskráa hefur verið reynt að koma betur til móts við þessa einstaklinga í báðum hópum. Í Aðalnámsskrá segir að: „Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins“. Oft hefur það verið með því að stytta eða lengja námsefnið, fá meira eða minna af því sama. En hvað er afburðanemandi og hvernig komum við til móts við hann?

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Fyrst var byrjað á að skilgreina afburðanemanda og átta sig á hverjir gætu fallið undir þá skilgreiningu.

Samkvæmt Vísindavefnum er hugtakið bráðger notað yfir nemendur sem taldir eru búa yfir óvenju miklum hæfileikum í samanburði við jafnaldra sína.

Í skýrslu starfshóps Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur segir í stuttu máli að bráðger börn séu líklegri en önnur börn til að sýna mikla hæfileika á einu eða fleiri sviðum óvenju snemma miðað við aldur, hafi sterka innri áhugahvöt og geti unnið úr framandi upplýsingum og geti yfirfært þekkingu, reynslu og innsæi á framandi aðstæður. Einnig fá bráðger börn hlutfallslega háar einkunnir í prófum og öðru námsmati ásamt því að vera gagnrýnin og rökföst og þau hafi leiðtogahæfileika

Það má því segja að í flestum fræðigreinum sé talað um afburðanemendur sem þá nemendur sem skara fram úr á einu eða fleiri sviðum. Fræðin leggja aðallega til fimm leiðir í úrræðum fyrir bráðger börn. Þær eru: flýting, námsaðgreining, einstaklingsmiðað nám, dýpkun og hraðferð.

Oftast er þó talað um þrjár leiðir sem farnar eru til að koma til móts við afburðanemendur. Sú fyrsta er að flýta þeim í námi, þ.e. hlaupa yfir bekk. Það er oftast gert á yngri stigum grunnskólans í tilfellum þeirra nemenda sem skara fram úr í flestum námsgreinum. Önnur er að leyfa nemendum að fara hraðar í

einstökum námsgreinum og klára því jafnvel ákveðnar greinar á undan sínum jafnöldrum og stunda því nám á framhaldsskólastigi ásamt námi í grunnskóla. Sú þriðja er að dýpka námsefnið í einstökum greinum og auka þannig skilning nemandans á ákveðnum efnisþáttum greinarinnar.

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að hætta er á einkennum eins og slökum námsárangri, námsleiða og jafnvel þunglyndi hjá nemendum sem fá aldrei nógu krefjandi námsefni og þurfa gjarnan að hlusta á endurtekningar á útskýringum sem þeir þurfa ekki á að halda.

Í verkefninu Afburðanemendur í Varmárskóla var ákveðið að einbeita sér að nemendum í 8. bekk og eingöngu unnið með afburðanemendur í stærðfræði og íslensku. Rætt var við kennara nemendanna, niðurstöður samræmdra prófa skoðaðar og auk þess sem rætt var við nemendurna sjálfa. Niðurstaðan var að bjóða 10 nemendum að taka þátt og voru þeir allir spenntir fyrir því. Verkefnið var byggt upp á þann hátt að nemendur réðu sjálfir hve hratt þeir færu í gegnum námsefnið. Námsgögn (verkefni og kannanir) voru sett inn á Google drive og gátu nemendur sótt þangað allt sem þeir þurftu en höfðu þó aðgang að kennara þar sem þeir voru eftir sem áður í námshópnum sínum.

Kennari tók við verkefnum og könnunum nemenda og fór yfir og leiðrétti eftir þörfum. Þannig gátu þeir fylgst með því hvaða verk og hvenær þau voru unnin. Nemendurnir urðu þannig ábyrgari fyrir sínu námi og námshraða og því sjálfstæðari. Nemendur fóru töluvert hraðar en samnemendur og voru því að flýta fyrir sér í námi. Sáu þeir fram á að geta lokið einhverjum framhaldsskólaáföngum í grunnskóla. Fæstir sáu sig ljúka grunnskólanum fyrr en aðrir í árganginum og voru það helst félagsleg tengsl sem þar réðu ferðinni.

Frávik frá áætlun

Ekki gekk sem skyldi að fá nemendur til að nota vefinn. Oft var það netið í skólanum sem var til trafala og erfitt að hlaða niður þeim forritum sem við gerðum ráð fyrir að nota til að útbúa efnið. Nemendum bauðst líka að vinna verkefnin á spjaldtölvu í bekknum en þar var líka þráðlausu netið að stríða okkur þar sem það var ekki nægilega gott. Fór það því þannig að nemendur komu til kennarans sem sá um greinina (íslensku eða stærðfræði)

til að fá útprentuð verkefni. Oft var fyrirvarinn litill og því erfitt að verða við beiðninni á þeirri stundu. Var því ákveðið að nemendur fengju efnið útprentað ef þeir vildu það frekar. Í verkefninu tóku einnig þátt nemandi úr 9. bekk og einn úr 10. bekk. Var það ósk þeirra að fá að taka þátt í þessu verkefni.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Áætlaður afrakstur af verkefninu var að mótuð yrði skólafestun fyrir afburðanemendur í Varmárskóla. Einnig að til yrði séráætlun í íslensku og stærðfræði fyrir afburðanemendur í skólanámskrá fyrir 7. til 10. bekk unglíngadeildar Varmárskóla. Áætlunin tryggir að nemendur fái verkefni sem hæfi þeim og reyni á þau. Þetta gerir það að verkum að ef nemandi tekur þátt í slíku verkefni fær hann aðgang að efni á vefnum og getur þannig stjórnað námi sínu og námshraða. Síðan yrðu niðurstöður verkefnisins nýttar til þess að gera sambærilegar áætlanir fyrir aðrar námsgreinar í unglíngadeild skólans.

Þannig verði til einstaklingsáætlanir sem taka tillit til getu og þarfa einstakra nemenda, sveigjanleika í vali, vinnu og skilum þar sem áhugahvöt einstaklingsins fær að njóta sín. Með því væri hægt að fjölga þeim nemendum sem ná hæsta getustigi. Einnig gerir verkefnið ráð fyrir að afburðanemendur geti unnið innan skólafestunnar með bekkjarfélögum.

Nú er til efni fyrir 8. bekk á Google drive og fyrirhugað er að reyna að halda áfram og setja efni inn fyrir 9. bekk og 7. bekk næsta skólaár og síðan koll af kolli þannig að nemendur geta náð í það efni sem þeir vilja þegar þeir vilja. Einnig er ráðgert að myndbönd komi meira inn í verkefnið ásamt því að gera verkefni rafræn þannig að ekki þurfti að prenta verkefnið út heldur séu þau leyst/unnin og skilað með rafrænum hætti. Vonandi koma fleiri námsgreinar inn í verkefnið í kjölfarið þannig að nemendur geti stjórnað sínu námi í fleiri greinum.

Niðurstöður verkefnis og mat á því

Stefnt er að því að niðurstöður verkefnisins verði nýttar til þess að gera nemendum kleift að haga sínu námi á sínum hraða óháð námsgrein. Reyndar kom í ljós að nemendur misstu af lestinni í bókmenntum enda tóku þeir minni þátt í umræðum þegar þeir voru búnir að vinna verkefni og jafnvel taka próf úr þeim hluta.

Hins vegar voru flestir nemendurnir ánægðir með að fá að taka þátt í verkefninu, þeir fundu til sín.

Nemendurnir luku allir við það námsefni sem skólanámskrá lagði upp með í stærðfræði fyrir 8. bekk og byrjuðu á 9. bekkjar efni. Sá sem kom úr 10. bekk, lauk námsefni 10. bekkjar um áramót og nýtti síðan tímann til að ljúka STÆ103 áfanga í samvinnu við Ármúlaskóla. 9. bekkjar nemandinn var töluvert á undan og stefnir að því að ljúka áfanga/áföngum af framhaldsskólastigi næsta ár. Ummæli nemenda um verkefnið:

- Mér finnst afburðaverkefnið skemmtilegt og gaman að fá að vera í því, það er öðruvísi.
- Mjög skemmtilegt og sniðugt. Þetta gagnast mér og öðrum vel.
- Mér finnst afburðaverkefnið fínt og mér finnst gott að geta haldið áfram með námsefnið. Eini gallinn er að mér finnst vanta gátlista og undirbúning fyrir okkur fyrir próf.
- Mér finnst verkefnið hafa hjálpað og gefið mér tækifæri að halda áfram og vinna á mínum hraða. Ég finn mikinn mun og vil endilega halda áfram.
- Skemmtilegt og þægilegt. Þetta gagnast okkur vel.
- Ótrúlega næs, mér finnst ég hafa mjög góðan skilning á námsefninu og fyrst ég er búinn með 103 er ég líklega eitthvað á undan í framhaldsskólanum á næsta ári. Þú ert súper ozom kennari, ég skil allt sem þú hefur sagt mér og þú ert bara virkilega góður kennari.
- Það er frábært að komast í þetta prógramm! Loksins þarf maður ekki að gera aukaverkefni ef maður er kominn lengra. Þetta auðveldar allt aðgengi að bókum og námsefni. Það er algjör snilld að geta lært á sínum hraða og tekið próf þegar maður er búinn með kaflann. Mæli hiklaust með þessu.

Ljóst er því að verkefnið hentar vel og nemendur sem tóku þátt eru ánægðir og finnst gott að geta unnið á sínum hraða. Einnig hvetur það aðra nemendur til dáða því verkefninu bærust óskir frá öðrum nemendum sem bíða eftir að fá að vera með. Það er því von okkar að fleiri nemendur velji að vera afburðanemendur og takist á við krefjandi verkefni í ýmsum greinum og sjái hag í því.

Kynning á afrakstri verkefnis

Verkefnið hefur verið kynnt innan skólans og ráðgert er að halda aðra kynningu að hausti.

Kynning á verkefninu fyrir kennarateymi úr Álfhólsskóla hefur líka farið fram en sá skóli er að fara af stað með áþekkt verkefni.

Einnig verður verkefnið kynnt fyrir fræðslunefnd Mosfellsbæjar í september og á málstofu á skólamálaráðstefnu 7. nóvember nk.

Skýrsla verkefnisins verður send skólum í Mosfellsbæ, bæði Krikaskóla og Lágafellsskóla. Þessi skýrsla verður aðgengileg á heimasíðu Varmárskóla og send bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær, júní 2015

Ásta Benediktsdóttir, verkefnastjóri

Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri